

Gustur SH 172 – Skipaskrárnúmer 6872

Saga bátsins

Gustur, sem er breiðfirskur súðbyrðingur, er teiknaður um 1975 af Bergsveini Breiðfjörð Gíslasyni, skipa- og bryggusmið.

Bergsveinn fæddist 22. júní 1921 í Rauðseyjum á Breiðafirði. Hann lést 26. júlí 2002. Hann ólst upp við eyjabúskap í Breiðafirði (Rauðseyjum, Akureyjum, Fagurey og Ólafsey) en á uppvaxtarárum hans var mikil byggð við Breiðafjörð. Forfeður hans höfðu búið í og við Breiðafjörð um aldir. Margir af forfeðrum og frændum Bergsveins voru afkastamiklir skipasmiðir. Þeir búskaparhættir er þar voru stundaðir eru nú liðnir undir lok að mestu og eyjar og jarðir flestar í eyði. Þetta líf mótaði Bergsvein og hafði áhrif á framtíðarstarf hans sem var við skipasmíðar og hafnargerð. Bergsveinn hóf nám í skipasmíði hjá Valdimar Ólafssyni frænda sínum í Hvallátrum haustið 1938 en þeir Valdimar voru bræðrasynir. Valdimar dó vorið 1939 einungis 34 ára að aldri og var það öllum harmdauði. Árið 1941 komst Bergsveinn á samning hjá Gunnari Jónssyni skipasmíðameistara á Akureyri og lauk þar námi 1945. Bergsveinn vann við skipasmíðar í Landssmiðjunni og í Bátalóni í Hafnarfirði. Hann réðst sem teiknari til Vita- og hafnamálastofnunar 1947. Hann varð síðan verkstjóri hjá stofnuninni við hafnarframkvæmdir víða um land og því starfi gegndi hann þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir 1993, að undanskildum þrem árum er hann var m.a. sveitarstjóri í Stykkishólmi, 1966-69.

Bergsveinn fékk Hafliða Aðalsteinsson frænda sinn frá Hvallátrum til að smíða Gust og var unnið að smíðinni í Kópavogi 1979-1980. Hafliði rak á þessum árum skipasmíðastöð við Smiðjuveg í Kópavogi, með honum var Páll bróðir hans. Bergsveinn tók töluverðan þátt í smíðinni og frágangi bátsins. Gustur var síðan sjósettur í apríl 1980.

Gustur er smíðaður úr furu og eik og er 7,1 metrar á lengd, 2,1 metrar á breidd og 0,91 metar á dýpt og mælist 2,57 brúttórúmllestir. Báturinn var upphaflega með 20 hestafla BUKH vél.



Mynd 1. Bergsveinn og Sigurður við lokafrágang Gusts vorið 1980



Mynd 2. Gustur við Geitareyjar 1984.

Myndir 1 og 2 sýna vel hvernig Gustur var í upphafi, með u.þ.b. 2m löngu húsi sem náði frá miðum bát og 2 metra fram. Hægt var að ganga fram úr húsinu. Bergsveinn átti bátinn einn í upphafi en 1983 keypti Kristinn Breiðfjörð bróðir hans helminginn í bátinum og gerði hann út á grásleppu og handfæraveiðar frá Stykkishólmi í rúm 10 ár. Upphaflega húsið og umgjörðin (borðstokkurinn) var orðið það illa farið að rétt fyrir árið 2000 rífur Bergsveinn, sem þá var aftur orðinn einn eigandi bátsins, það og smíðar minna hús á bátinn. Mynd 3 sýnir hvernig báturinn leit út með það hús. Við andlát Bergsveins árið 2002 eignast Freyja dóttir hans og maður hennar Guðlaugur Þór Pálsson bátinn og áttu hann til 2009 er Sigurður sonur Bergsveins og Helga Bárðardóttir kona hans kaupa helminginn í bátinum á móti Freyju og Guðlaugi.



Mynd 3. Gustur á Grýluvogi í Flatey í Júlí 2009 á Bátadögum 2009.

Ákveðið var að ráðast í endurbætur á bátnum veturinn 2010.

Haflíði Aðalsteinsson tók að sér að framkvæma breytingarnar sem eru eftirfarandi:

Húsið og annað tréverk innanborðs var rifið úr bátnum ásamt vélbúnaði og öllum lögnum. Við skoðun kom í ljós að skipta þurfti um 3 bönd og var það gert. Því næst var smíðað nýtt hús á bátinn, sem nær frá miðjum báti og alveg fram á stafn. Báturinn var borðhækkaður fyrir aftan hús og gólfí var lyft þannig að innra rýmið stækkaði verulega og breidd bátsins nýtist betur. Sett var í bátinn ný vél, 40 hp. Yanmar. Skrufubúnaður, stefnisrör, lagnir og allt rafkerfi er einnig nýtt svo og flest stjórnþæki. Nýr Garmin dýptarmælir og GPS leiðsögutæki með kortaplotter var einnig settur í bátinn.

Framkvæmdum lauk í lok júní 2010 og báturinn fór í fyrstu sjóferð eftir breytingar á Bátadögum Bátasafns Breiðafjarðar í byrjun júlí 2010.

Segja má að breytingarnar hafi heppnast vel og handverk Haflíða er mjög gott. Báturinn er í dag öflugur og skemmtilegur og ljóst er að Gustur á eftir í breyttri mynd að nýtast eigendum og fjölskyldum þeirra vel um mörg ókomin ár.



Mynd 4 sýnir Haflíða Aðalsteinsson við Gust 3. júní 2010 en þá vann hann við lokafrágang breytinganna.



Mynd 5 sýnir Gust 3 júlí 2010 fyrir mynni Þorskafjarðar á Bátadögum 2010